

Reginn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
1. janúar til 30. júní 2016

Reginn hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

kt. 630109-1080

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfyrillit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9
Ársfjórðungayfirlit	11

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Starfsemi Regins hf. er fólgin í eignarhaldi, uppbyggingu, útleigu og rekstri á fasteignum undir atvinnustarfsemi, s.s. verslana og þjónustu, iðnaðar og skrifstofu, íþróttá og afþreyingastarfsemi. Ennfremur sala á þjónustu tengdri útleigu og fasteignarekstri s.s. ræstingar, húsvarsla, viðhald og almenn fasteignaumsjón.

Árshlutareikningur Regins hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Regins hf. og dótturfélaga.

Í mars samþykkti hluthafafundur félagsins hækkan hlutafjár um 126 millj. kr. að nafnverði á genginu 19 sem ráðstafað var til kaupa á öllu hlutafé í fasteignafélögunum Ósvör ehf. og CFV 1 ehf. Félögini eru hluti af samstæðu Regins hf. frá og með 1. mars 2016. Félagið keypti einnig allt hlutafé í fasteignafélögunum Prekhöllinni ehf. og Vatnseyri ehf. sem eru hluti af samstæðu Regins hf. frá og með 1. mars 2016.

Hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu nam 2.002 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Heildareignir samstæðunnar námu 80.528 millj. kr. í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé félagsins var 27.100 millj. kr. að meðtoldu hlutafé að fjárhæð 1.555 millj. kr. og var eiginfjárlutfall félagsins 34% í lok júní.

Rekstrartekjur samstæðu Regins hf. námu 3.222 millj. kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016 samanborið við 2.611 millj. kr. fyrir sama tímabil á árinu 2015.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir matsbreytingu á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016 var 2.126 millj. kr. samanborið við 1.705 millj. kr. árið áður.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og það er álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glöggja mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2016 og rekstrarrafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættupáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Regins hf. hafa í dag rætt um árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 24. ágúst 2016.

Í stjórn félagsins:

Forstjóri:

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Regins hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Regins hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og forstjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskjum öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum gerður í samræmi við *IAS 34 Árshlutareikningar*.

Reykjavík, 24. ágúst 2016.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar - 30. júní 2016

Skýr.	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
	2016 1.4.-30.6.*	2015 1.4.-30.6.*	2016 1.1.-30.6.	2015 1.1.-30.6.
Rekstrartekjur	1.692	1.369	3.222	2.611
Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna	(474)	(388)	(917)	(750)
	<u>1.218</u>	<u>981</u>	<u>2.305</u>	<u>1.861</u>
Stjórnunarkostnaður	(95)	(75)	(179)	(156)
Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu	1.123	906	2.126	1.705
Matsbreyting fjárfestingareigna	7	1.352	714	1.869
				<u>1.047</u>
Rekstrarhagnaður	2.475	1.620	3.995	2.752
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Fjármunatekjur	6	7	19	20
Fjármagnsgjöld	(916)	(827)	(1.512)	(1.254)
Hrein fjármagnsgjöld	(910)	(820)	(1.493)	(1.234)
	<u>6</u>	<u>7</u>	<u>19</u>	<u>20</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.565	800	2.502	1.518
Tekjuskattur	(313)	(160)	(500)	(304)
	<u>1.252</u>	<u>640</u>	<u>2.002</u>	<u>1.214</u>
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins				
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	0,81	0,45	1,34	0,85

Hagnaður á hlut:

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut

Skýringar á bls. 9 - 10 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

* Ekki kannað

Efnahagsreikningur 30. júní 2016

	Skýr.	30.6.2016	31.12.2015*
Eignir			
Fjárfestingareignir	7	79.015	63.949
Eignir til eigin nota		104	80
Fastafjármunir		79.119	64.029
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		898	1.872
Handbært fé		511	708
Veltufjármunir		1.409	2.580
Eignir samtals		80.528	66.609
Eigið fé			
Hlutafé	8	1.555	1.429
Varasjóðir		11.788	9.080
Bundinn hlutdeildarreikningur		2.383	0
Óráðstafað eigið fé		11.374	11.755
Eigið fé		27.100	22.264
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir		44.994	37.600
Tekjuskattsskuldbinding		4.599	4.062
Langtímaskuldir		49.593	41.662
Vaxtaberandi skuldir		2.773	1.874
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		1.062	809
Skammtímaskuldir		3.835	2.683
Skuldir samtals		53.428	44.345
Eigið fé og skuldir samtals		80.528	66.609

* Framsetningu hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 4.
Skýringar á bls. 9 - 10 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 30. júní 2016

	Skýr.	Hlutafé	Varasjóðir	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
1. janúar til 31. júní 2015*						
Eigið fé 1. janúar 2015		1.429	9.080	0	7.379	17.888
Heildarhagnaður tímabilsins					1.214	1.214
Eigið fé 30. júní 2015		1.429	9.080	0	8.593	19.102
1. janúar til 31. júní 2016*						
Eigið fé 1. janúar 2016		1.429	9.080	0	11.755	22.264
Heildarhagnaður tímabilsins					2.002	2.002
Hlutafjáraukning		126	2.708			2.834
Fært á bundið eigið fé				2.383	(2.383)	0
Eigið fé 30. júní 2016	8	1.555	11.788	2.383	11.374	27.100

* Framsetningu hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 4.
Skýringar á bls. 9 - 10 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymsyfirlit 1. janúar - 30. júní 2016

	Skýr.	2016 1.1.-30.6.	2015 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		2.002	1.214
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir eigna til eigin nota		8	3
Matsbreyting fjárfestingareigna	(1.869)	(1.047)
Hrein fjármagnsgjöld		1.493	1.234
Tekjuskattur		500	304
		2.134	1.708
Breyting á rekstrartengdum eignum	(184)	(79)
Breyting á rekstrartengdum skuldum		14	99
		1.964	1.728
Innheimtar vaxtatekjur		19	20
Greidd vaxtagjöld	(1.059)	(812)
		924	936
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í fjárfestingareignum	7	(2.162)	(2.950)
Söluverð fjárfestingareigna	7	19	559
Fjárfesting í eignum til eigin nota	(41)	(29)	
Söluverð eigna til eigin nota		9	0
Aðrar skammtímaskuldir, breyting		1.267	0
	(908)	(2.420)	
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		0	4.856
Vaxtaberandi skammtímaskuldir, breyting		738	(738)
Afborganir og uppgreiðsla vaxtaberandi langtímaskulda	(951)	(2.686)	
	(213)	1.432	
Lækkun á handbæru fé	(197)	(52)	
Handbært fé í ársbyrjun		708	647
Handbært fé í lok tímabilsins		511	595
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í fjárfestingareignum	(11.054)	(3.735)	
Yfirteknar aðrar eignir við kaup á félögum	(98)	(260)	
Yfirteknar skuldir við kaup á félögum		8.303	3.995
Hlutafjáraukning		2.834	0
Ógreitt kaupverð fjárfestingareigna		15	0

Skýringar á bls. 9 - 10 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Reginn hf., "félagið", er með aðsetur að Hagasmára 1 í Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga".

Félagið er almenningshlutafélag og skráð í Kauphöll Íslands (NASDAQ OMX Iceland).

2. Grundvöllur reikningskilanna

Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2015.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn með undirritun sinni þann 24. ágúst 2016.

3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaðgerðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2015. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.reginn.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að fjárfestingareignir samstæðunnar eru metnar á gangvirði.

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er óverulegur.

4. Breytt framsetning

Félagið hefur breytt framsetningu á eigin fé á þann veg að matsbreyting fjárfestingareigna er nú færð á óráðstafað eigið fé bar sem í rekstrarreikningi er ekki gerður greinarmunur á afkomu vegna matsbreytinga fjárfestingareigna og annari afkomu.

5. Mat stjórnda í reikningsskilum

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórndur taki ákvæðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á þeim reikningsskilaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugnar þessu mati.

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2016 1.1.-30.6.	2015 1.1.-30.6.
Vaxtatekjur	19	20
Vaxtagjöld	(1.009)	(731)
Verðbætur	(503)	(523)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(1.512)</u>	<u>(1.254)</u>
Hrein fjármagnsgjöld	(1.493)	(1.234)

Skýringar, frh.: ---

7. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir samstæðurnnar eru metnar á gangvirði á reikningsskiladegi í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 40 Fjárfestingareignir* og alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IFRS 13 Mat á gangvirði*. Allar fjárfestingareignir samstæðunnar falla undir 3. stig í flokkunarkerfi gangvirðismats og eru metnar sem síkar. Við mat á fjárfestingareignum er stuðst við núvirt framtíðar sjóðsflæði einstakra eigna. Mat á fjárfestingareignum er unnið af starfsmönnum móðurfélagsins. Beitt er sömu aðferðafræði við matið og í ársreikningi fyrir árið 2015.

Við ákvörðun á gangvirði fjárfestingareigna er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt gangvirði kann að vera frábrugðið þessu mati.

Fjárfestingareignir greinast þannig:

	2016	2015
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Bókfært verð 1. janúar	63.949	53.637
Fjárfesting á tímabilinu	13.216	6.666
Selt á tímabilinu	(19)	(559)
Matsbreyting á tímabilinu	1.869	1.047
Bókfært verð 30. júní	<u>79.015</u>	<u>60.791</u>

Reginn hf. er aðili að deiliskipulagi á svæði undir verslun og þjónustu sunnan Smáralindar (Smárabyggð). Deiliskipulag fyrir svæðið hefur nú verið staðfest og undirritaður samstarfssamningur við Kópavogsbæ og Smárabyggð ehf. um uppbyggingu svæðisins á næstu 8 árum. Eignarhlutur félagsins í svæðinu er 34%. Bókfært virði eignarhlutarins er 805 millj. kr. í lok júní.

8. Eigið fé

Heildar útgefið hlutafé nemur 1.555 millj. kr. Í lok mars gaf félagið út hlutafé að nafnverði 126 millj. kr. vegna kaupa félagsins á fasteignafélögunum Ósvör ehf. og CFV 1 ehf.

Samkvæmt lögum nr. 73/2016 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarfélaga, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttékinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár. Áhrif ákvæðisins hafa ekki verið metin til fulls en ákveðin óvissa ríkir um gildistöku þess og framkvæmd.

Ársfjórðungayfirlit - ekki kannað

9. Ársfjórðungayfirlit

	2F 2016	1F 2016	4F 2015	3F 2015	2F 2015
Leigutekjur	1.555	1.391	1.378	1.281	1.231
Tekjur vegna rekstrar í fasteignum	137	139	139	136	138
Rekstrartekjur	1.692	1.530	1.517	1.417	1.369
Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna	(319)	(302)	(256)	(265)	(238)
Rekstur í fasteignum	(155)	(141)	(192)	(139)	(150)
Stjórnunarkostnaður	(95)	(84)	(89)	(73)	(75)
Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu	1.123	1.003	980	940	906
Matsbreyting fjárfestingareigna	1.352	517	1.922	545	705
Söluhagnaður fjárfestingareigna	0	0	74	67	9
Rekstrarhagnaður	2.475	1.520	2.976	1.552	1.620
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):					
Fjármunatekjur	6	13	15	8	7
Fjármagnsgjöld	(916)	(596)	(204)	(745)	(827)
Hrein fjármagnsgjöld	(910)	(583)	(189)	(737)	(820)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.565	937	2.787	815	800
Tekjuskattur	(313)	(187)	(277)	(163)	(160)
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins	1.252	750	2.510	652	640